

FIRMNATILKYNNINGAR.

105

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvbr. 1903, um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar árið 1927:

I. Reykjavík.

1. Pjetur Guðmundsson kaupmaður, Þingholtsstræti 11, og Skafti Ólafsson, Hverfisgötu 78, báðir í Reykjavík, tilkynna að þeir reki í sameiningu verslun undir firmanafninu „Málarinn“ P. Guðmundsson & Co.

Báðir bera þeir ótakmarkaða ábyrgð á skuldum firmans. Stofnfje firmans er kr. 25000,00 — tuttugu og fimm þúsund krónur —. Hvor um sig getur skuldbundið firmað með undirskrift sinni.

Firmað rita þeir þannig:

pr. „Málarinn“ P. Guðmundsson & Co.

P. Guðmundsson.

pr. „Málarinn“ P. Guðmundsson & Co.

Skafti Ólafsson.

Reykjavík, 4. jan. 1927.

Pjetur Guðmundsson. Skafti Ólafsson.

2. Hjermeð veiti jeg fulltrúa mínum, Páli Kr. Árnasyni, prókúruumboð fyrir mig.

Nafn mitt ritar hann þannig:

pr. pr. Haraldur Árnason.

Páll Kr. Árnason.

Reykjavík, 12. febr. 1927.

Haraldur Árnason.

3. Hjer með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg afturkalla hjermeð prókúruumboð það, er jeg á sínum tíma veitti hr. cand. pharm. Axel Herskind fyrir efnagerð Reykjavíkur.

Reykjavík, 12. janúar 1927.

Stefán Thorarensen.

4. Það tilkynnist hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg rek verslun hjer í Reykjavík, með fullri ábyrgð, undir nafninu

Verslun Gunnars Gunnarssonar

og rita jeg firmað þannig:

Verslun Gunnars Gunnarssonar

Axel Gunnarsson.

Reykjavík, 17. febr. 1927.

Axel Gunnarsson.

- 105 5. Jeg, Hálf dán Eiríksson, til heimilis á Hverfisgötu 40 hjer í bæ, tilkynni hjer með til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg rek verslun hjer í bæ með allskonar matvöru, með ótakmarkaðri ábyrgð, undir firmanafninu:

„Verslunin Kjöt og Fiskur“.

Firmað rita jeg þannig:

„Verslunin Kjöt og Fiskur“.

Hálf dán Eiríksson.

Reykjavík, 23. febr. 1927.

Hálf dán Eiríksson.

6. Hjer með veitum vjer undirritaðir skiftaforstjórar í dánarbúi Egils Jacobsens kaupmanns í Reykjavík, frú Soffíu Jacobsen, Vonarstræti 8 hjer í bænum, prókúruumboð fyrir verslanir búsins, og hefir hún heimild til að rita firmað sem prókúruhafi.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Egill Jacobsen.

Soffía Jacobsen.

Reykjavík, 13. janúar 1927.

Ólafur Lárusson. Carl Olsen. Guðrún Þorkelsdóttir.

7. Við undirritaðir Magnús Benjamínsson, til heimilis Veltusundi 3 b, og Haraldur Hagan, til heimilis Laufásvegi 12, tilkynnum hjer með til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum báðir saman, sem full-ábyrgir fjelagar, verslun hjer í bænum með úr, klukkur, silfurgrípi o. fl., og önnunst ennfremur viðgerðir á slíkum munum, undir firmanafninu:

Magnús Benjamínsson & Co.

Heimild til þess að rita firmað hefir hvor um sig.

Magnús Benjamínsson ritar firmað þannig:

Magnús Benjamínsson & Co.

Magnús Benjamínsson.

Haraldur Hagan ritar firmað þannig:

Magnús Benjamínsson & Co.

Haraldur Hagan.

Reykjavík, 8. apríl 1927.

Magnús Benjamínsson.

Haraldur Hagan.

8. Hjer með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg, Ólafur Jónsson, Lækjargötu 12 a, rek verslun með hatta og annan fatnað, á eigin ábyrgð, undir nafninu:

„Hattabúð Reykjavíkur“

og ber jeg einn alla ábyrgð á skuldbindingum firmans.

Firmað rita jeg þannig:

„Hattabúð Reykjavíkur“

Ólafur Jónsson.

Reykjavík, 7. maí 1927.

Ólafur Jónsson.

105

9. Jón Halldórsson, kaupmaður á Klappastíg 19 í Reykjavík tilkynnir hjer með, að hann reki almenna verslun, þó einkum með vefnaðarvörur undir verslunarnafninu:

„Brúarfoss“.

Heimili verslunarinnar er í Reykjavík. Jón Halldórsson er einn eigandi verslunarinnar og ábyrgist hana ótakmarkað einn. Hann ritar einn firmað. Engin prókúra og engir samlagsmenn.

Reykjavík, 14. maí 1927.

Jón Halldórsson, Klapparstíg 19.

10. Hjer með tilkynnist, að herra Haraldur Guðmundsson hefir látið af starfinu sem framkvæmdarstjóri Kaupfjelags Reykvíkinga, og fellur því prókúruumboð hans niður, frá deginum í dag.

Herra Árni Benediktsson hefir verið ráðinn framkvæmdarstjóri í hans stað, og hefir hann prókúruumboð fyrir fjelagið.

Reykjavík, 27. apríl 1927.

Í stjórn Kaupfjelags Reykvíkinga.

Sigurjón Á. Ólafsson. Nikulás Friðriksson. E. Hjartarson.

Hallbjörn Halldórsson. Björn Bl. Jónsson.

Prókúruhafi ritar þannig::

pr. pr. Kaupfjelag Reykvíkinga.

Á. Benediktsson.

11. Hjermeð tilkynnist til A-deildar firmaskrárinnar í Reykjavík, að undirritaður Bogi A. J. Þórðarson, til heimilis á Hverfisgötu 64 Reykjavík, rekur ullarverksmiðju ásamt verslun, með allskonar vefnaðar-, prjónavörur o. fl. með ótakmarkaðri ábyrgð, á Frakkastíg 8 Reykjavík, undir firmanafninu:

„Ullarverksmiðjan Framtíðin“.

Stofnandi og eigandi ullarverksmiðjunnar er Bogi A. J. Þórðarson kaupmaður, Hverfisgötu 64 Reykjavík.

Firmað ritar hann einn þannig:

„Ullarverksmiðjan Framtíðin“.

Bogi A. J. Þórðarson.

Reykjavík, 9. júní 1927.

Bogi A. J. Þórðarson.

- 105 12. Ludvig C. C. A. Storr, kaupmaður á Grettisgötu 2 í Reykjavík, tilkynnir hjermeð til firmaskrárinnar, að hann rekur verslun, einkum með gler- og byggingarvörur, undir verslunarnafninu:

„Ludvig Storr“.

Heimili verslunarinnar er Reykjavík. Ludvig C. C. A. Storr er einn eigandi verslunarinnar og ábyrgist hana einn ótakmarkað.

Hann ritar einn firmað.

Engin prókúra og engir samlagsmenn.

Reykjavík, 7. júní 1927.

Ludvig Storr.

13. Jeg undirrituð Josephine Hobbs, til heimilis í Tjarnargötu 11, Reykjavík, tilkynni hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg ein og með ótakmarkaðri ábyrgð rek hárgreiðslustofu hjer í bænum undir firmanafninu „Hárgreiðslustofa Reykjavíkur“.

Firmað rita jeg þannig:

„Hárgreiðslustofa Reykjavíkur“

Josephine Hobbs.

Reykjavík, 9. júlí 1927.

Josephine Hobbs.

14. Við undirritaðir kaupm. Friðþór Steinholt, til heimilis Bankastræti 6, og Bernhard Petersen kaupmaður, Aðalstræti 9, Reykjavík, tilkynnum hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að við rekum umboðsverslun með ótakmarkaðri ábyrgð hjer í bænum með útlendar og innlendar vörur undir firmanafninu: Fr. Steinholt & Co.

Heimild til að rita firmað hafa báðir.

Friðþór Steinholt ritar firmað þannig:

Fr. Steinholt & Co.

Bernhard Petersen ritar firmað þannig:

Fr. Steinholt & Co.

Reykjavík, 17. ágúst 1927.

Fr. Steinholt. Bernhard Petersen.

15. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg undirritaður Jón Oddsson, til heimilis Austurgötu 9, Hafnarfirði, rek verslun í Reykjavík með Radio-tæki undir firmanefninu: Radioverslun Íslands.

Prókúru hefir Jón Gunnarsson, til heimilis í Miðstræti 12, Reykjavík.

Jón Oddsson ritar firmað þannig:

Radioverslun Íslands.

Jón Oddsson.

Jón Gunnarsson ritar firmað:

105

p. p. Radioverslun Íslands

Jón Gunnarsson.

Reykjavík, 26. sept. 1927.

Jón Oddsson.

16. Hjermeð leyfi jeg mjer, undirritaður Guðmundur Jónmundsson, til heimilis Tjarnargötu 16 í Reykjavík, að tilkynna til firmaskrárinnar, að jeg rek verslun í Reykjavík með útvarpstæki og alt, sem að útvarpi lýtur, undir firmanafninu „Verslunin Radio“, með ótakmarkaðri ábyrgð.

Firmanafnið rita jeg þannig:

„Verslunin Radio“

Guðm. Jónmundsson.

Reykjavík, 26. sept. 1927.

Guðm. Jónmundsson.

17. Stjórn Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f., Reykjavík, tilkynnir hjermeð, að mag. scient. Brynjólfur Stefánsson, Reykjavík, hefir prókúruumboð fyrir tjeð firma.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

p. p. Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.

Brynjólfur Stefánsson.

Reykjavík, 4. okt. 1927.

Jes Zimsen. H. A. Tulinius.

18. Hjermeð afturkallast það sameiginlega prókúruumboð, er jeg veitti herra Reidar Sörensen og Joh. Siemen, 2. okt. 1923, og leyfi jeg mjer jafnframt að tilkynna, að hjer eftir hefir nefndur herra Joh. Siemen fult prókúruumboð skv. lögum fyrir verslun mína.

Herra Joh. Siemen undirskrifar:

pr. pa. Bernh. Petersen.

Joh. Siemen.

Reykjavík, 11. nóvember 1927.

Bernh. Petersen.

19. Jón Þorvarðarson, Öldugötu, og Stephán Stephensen, Grundarstíg 19, verslunarmenn, báðir til heimilis í Reykjavík, tilkynna hjermeð að þeir reki verslun í Reykjavík undir firmanafninu „Veiðarfæra-
verslunin Verðandi“. Hvor um sig hefir rjett til að rita firmað, en til ráðstafaða á fasteignum og til veðsetningar eigna fjelagsins þarf undirskrift beggja svo gildandi sje gagnvart fjelaginu.

105

Hvor um sig ber ótakmarkaða ábyrgð skuldbindinga fjelagsins.
 Firmað rita fjelagar þannig, hvor um sig:
 Veifarfaraverslunin Verðandi S/F.
 Jón Þorvarðarson.
 Veifarfaraverslunin Verðandi S/F.
 St. Stephensen.

II. Mýra- og Borgarfjarðarsýsla.

1. H/F Bifreiðastöð Mýrasýslu rekur þá atvinnu í Borgarnesi að flytja fólk og vörur. Samþyktir eru dags. 20. apríl 1927.

Stofnendur eru: Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu, Ólafur Sigurðsson, bifreiðarstjóri í Borgarnesi, Sveinn Sveinbjörnsson, bifreiðarstjóri í Reykholti, Vigfús Guðmundsson, gestgjafi í Borgarnesi, og Steingrímur Guðmundsson, verksmiðjustjóri í Borgarnesi.

Í stjórn eru: Ólafur Sigurðsson, formaður, framkvæmdarstjóri og prókúruhafi, og meðstjórnendur: Steingrímur Guðmundsson og Sveinn Sveinbjörnsson.

Firmað rita: prókúristi og tveir úr stjórninni. Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. H/F Bifreiðastöð Mýrasýslu
 Ólafur Sigurðsson.

Meðstjórnendur rita firmað þannig:

H/F Bifreiðastöð Mýrasýslu
 Steingrímur Guðmundsson. Sveinn Sveinbjörnsson.

Hlutfafjeð er 10000 krónur, skift í 10 hluti og er hlutfafjársofnun lokið. Greitt hlutfafje er 7000 krónur, en afgangurinn kræfur 1. október 1927. Hlufabrfef hljóða á nafn. Tveir stofnendur áskilja sjer atvinnu hjá fjelaginu: Ólafur Sigurðsson og Sveinn Sveinbjörnsson.

Engin lausnarskylda fylgir hlutum og engar hömlur lagðar á meðferð hlufabrfjefa.

Um atkvæðisrjett fer eftir lögunum. Fundi skal boða skriflega.

III. Barðastrandarsýsla.

1. Nafn fjelagsins: Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

Heimili og varnarþing fjelagsins: Bíldudalur í Barðastrandarsýslu.

Tilgangur fjelagsins: Að selja í fjelagi afurðir fjelagsmanna, verka fisk þeirra og kaupa fyrir þá vörur, sjerstaklega nauðsynjavörur.

Samþyktir fjelagsins dagsettar 15. apríl 1926.

Stjórn fjelagsins skipa: Hannes B. Stephensen formaður, Jón J. Maron varaformaður, Ásb. Júlíus Nikulásson ritari, Gísli Gíslason vararitari og Ágúst Pálsson meðstjórnandi. 105

Framkvæmdarstjóri er Ágúst Sigurðsson.

Heimild til að rita firmað hefir: Formaður og tveir úr stjórninni eða þrír úr stjórn. Ritar hún firmað þannig:

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

H. B. Stephensen. Ásb. Júlíus Nikulásson. Jón J. Maron.

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

H. B. Stephensen. Guðm. Ágúst Pálsson. Gísli Gíslason.

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

H. B. Stephensen. Ásb. Júlíus Nikulásson. Gísli Gíslason.

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

H. B. Stephensen. Ásb. Júlíus Nikulásson. Guðm. Ágúst Pálsson.

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

H. B. Stephensen. Jón J. Maron. Gísli Gíslason.

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

H. B. Stephensen. Jón J. Maron. Guðm. Ágúst Pálsson.

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

Jón J. Maron. Gísli Gíslason. Guðm. Ágúst Pálsson.

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

Jón J. Maron. Ásb. Júlíus Nikulásson. Gísli Gíslason.

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

Jón J. Maron. Ásb. Júlíus Nikulásson. Guðm. Ágúst Pálsson.

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

Ásb. Júlíus Nikulásson. Gísli Gíslason. Guðm. Ágúst Pálsson.

Ennfremur hefir framkvæmdarstjóri einn rjett til að rita firmað; þó skal hann, ef um lántöku eða sölu á fiski er að ræða, hafa skriflegt samþykki stjórnarinnar til þess að löglegt sje. Ritar hann firmað þannig:

pr. Bjargráðafjelag Arnfirðinga.

Ág. Sigurðsson.

IV. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að á síðasta aðalfundi í „Togarafjelagi Ísfirðinga h.f.“, sem haldinn var hjer í bænum þann 26. f. m., varð sú breyting á stjórn fjelagsins, að herra stórkaupmaður Helgi Guðmundsson í Reykjavík gekk úr stjórninni, en í hans stað var kosinn herra kaupmaður Ólafur Kárasen á Ísafirði, sem áður var varamaður í nefndri stjórn. Varamaður í stjórnina var síðan kosinn hr. Magnús Ólafsson bæjarfulltrúi á Ísafirði.

Ísafirði, 3. mars 1927.

Karl Olgeirsson form.

- 105 2. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Ísafjarðarsýslu, að úr firmanu Guðm. J. Sigurðsson & Co., Þingeyri, er genginn firmað Bræðurnir Proppé.

Jeg undirritaður er nú einkaeigandi firmans Guðm. J. Sigurðsson & Co., Þingeyri, og rek það áfram undir sama nafni og með fullri ábyrgð.

Staddur á Ísafirði, 29. apríl 1927.

Guðm. J. Sigurðsson.

3. Við undirritaðir klæðskerar, Einar Guðmundsson og Kristján Tryggvason, báðir til heimilis á Ísafirði, tilkynnum hjermeð til firmaskrárinnar, að við rekum klæðasaumastofu á Ísafirði og verslum með allskonar tilbúinn fatnað og annað því tilheyrandi.

Saumastofa okkar og verslun verður rekin með fullri ábyrgð okkar beggja og undir firmanafninu: Einar & Kristján, og ritum við firmað hvor um sig.

Kristján Tryggvason ritar þannig:

pr. Einar & Kristján.

Kristján Tryggvason.

Einar Guðmundsson ritar þannig:

pr. Einar & Kristján.

Einar Guðmundsson.

Ísafirði, 1. júlí 1927.

Einar Guðmundsson. Kristján Tryggvason.

V. Húnavatnssýsla.

1. Hlutfjelagið „Samkomuhús Austur-Húnavetninga“, Blönduósi, starfrækir samkomuhús á Blönduósi. Lög fjelagsins eru dags. 14. mars 1925. Hlutfjeð er 15000 kr., er skiftist í hluti á 25 kr. Innborgað hlutfje er 2540 kr. Hlutaþrjefin hljóða á nafn. Hlutfjársofnun heldur áfram. Stofnendur hlutfjelagsins eru: Þorsteinn Bjarnason verslunarstjóri, Blönduósi, Kr. Arinbjarnar hjeraðslæknir s. st., E. Hemmert verslunarstjóri s. st., Böðvar Þorláksson póstaðgreiðslumaður s. st., Klemens Þórðarson söðlasmiður s. st., Karl Helgason verslunarmaður s. st., Hendrik Berndsen verslunarmaður s. st., Halldór Björnsson verslunarm. s. st., Þorlákur Jakobsson verslunarm. s. st., Jón Pálmason bóksali s. st., Friðfinnur Jónsson smiður s. st., Lárus Ólafsson smiður s. st., Jón Guðmundsson Torfalæk, Steingrímur Davíðsson kennari, Blönduósi, Jón Pálmason, Akri, leikfjelagið á Blönduósi og U. M. F. „Hvöt“.

Stjórn fjelagsins skipa: Steingrímur Davíðsson, kennari, formaður, Þorsteinn Bjarnason, verslunarstjóri, ritari, og E. Hem-

mert, verslunarstjóri, fjeirðir. Stjórnin öll ritar firmað. Enginn sjerstakur prókúruhafi. Engin sjerrjettindi fylgja hlutabrfefunum, en fjelagið hefir forkaupsrjett á þeim. Fundarboðun skeður með brjeflegri tilkynningu. 105

VI. Eyjafjarðarsýsla og Akureyrarkaupstaður.

1. Hjermeð tilkynnist til firmaskrárinnar, að Magnús Blöndal er hættur að hafa á hendi forstöðu verslun Sn. Jónssonar á Akureyri, og afurkallast jafnframt prókúruumboð það, er Rögnvaldur heitinn Snorrason veitti honum á sínum tíma fyrir verslunina.

Í hans stað er tekinn við forstöðu verslunarinnar Þormóður Sveinsson, og hefir hann jafnframt fengið prókúruumboð.

Þormóður Sveinsson ritar þannig:

p. p. verslun Sn. Jónssonar.

Þormóður Sveinsson.

Akureyri, 6. febrúar 1927.

Sigríður Sveinsdóttir.

VII. Þingeyjarsýsla.

1. Á firmaskrá Þingeyjarsýslu er sú breyting gerð, að kaupmaður Páll Einarsson er genginn úr firmanum Bjarni Benediktsson & Co., Húsavík, en Bjarni Benediktsson kaupmaður á Húsavík heldur áfram rekstri firmans undir sínu nafni og tekur ábyrgð á öllum skuldbindingum firmans.

VIII. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Í dag hafa Einar Sigurðsson og Hermann Hermannsson á Seyðisfirði, bæst við í firmað Hermann Thorsteinsson & Co., sem fullábyrgir fjelagar og með rjetti til að rita firmað.

Seyðisfirði, 3. janúar 1927.

Herm. Þorsteinsson. Einar Sigurðsson. Hermann Hermannsson.

Hinir nýju fjelagar rita firmað þannig:

Hermann Thorsteinsson & Co.,

Einar Sigurðsson.

Hermann Thorsteinsson & Co.,

Hermann Hermannsson.

2. Í dag hefir Hermann Þorsteinsson gengið úr firmanu Hermann Thorsteinsson & Co., en hinir fjelagarnir, Einar Sigurðsson og Hermann Hermannsson, halda atvinnunni (umboðsverslun) áfram með fullu leyfi undir sama firmanafni og óbreytt að öðru leyti.

Seyðisfirði, 12. febrúar 1927.

Hermann Þorsteinsson. Einar Sigurðsson. Herm. Hermannsson.

- 105 3. Í dag hefir hr. Hermann Þorsteinsson fengið prókúruumboð fyrir firmað Hermann Thorsteinsson & Co., og ritar hann firmað þannig:
 p. p. Herm. Thorsteinsson & Co.
 Herm. Þorsteinsson.
 Seyðisfirði, 14. febrúar 1927.
 Einar Sigurðsson. Herm. Hermannsson.

IX. Skaftafellssýsla.

1. Þeir bræður Jón Halldórsson og Ólafur J. Halldórsson í Vík tilkynna þann 1. þ. m., að þeir reki í sameiningu áfram verslun þá, sem faðir þeirra Halldór Jónsson hafði, undir nafninu: „Verslun Halldórs Jónssonar, Vík“ — að öllu leyti fullábyrgir og skuldbindandi verslunina báðir saman og hvor í sínu lagi.

X. Vestmannaeyjar.

1. Helgi Benediktsson og Hjörleifur Sigurjónsson tilkynna, að Hjörleifur Sigurjónsson sje genginn úr firmanu Verslunarfjelag Vestmannaeyja, og að Helgi Benediktsson reki það framvegis einn með ótakmarkaðri ábyrgð.
2. Jeg Soffía Þórðardóttir, kaupkona í Vestmannaeyjum, gef hjermeð herra Ásgrími Eypórssyni umboð sem prókúrista fyrir verslun mína, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkv. l. 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Soffía Þórðardóttir.

Ásgrímur Eypórsson.

Vestmannaeyjum, 3. desember 1927.

Soffía Þórðardóttir.

XI. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. Verslunin „Verðandi“ er eign frú Ólafíu Hallgrímsdóttur í Hafnarfirði, og er rekin í húsinu nr. 3 við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði, með ótakmarkaðri ábyrgð. — Verslunin er smáverslun með matvörur allskonar, járnvöru o. fl.

Steingrímur Torfason hefir prókúruumboð fyrir verslunina og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. verslunin „Verðandi“

Steingrímur Torfason.

Hafnarfirði, 9. júní 1927.

Ólafía Hallgrímsdóttir.

2. H/F Sigurjón Ólafsson & Co. Heimili: Hafnarfjörður. Útbú ekkert. Tilgangur fjelagsins: Fiskiveiðar, kaup og sala á sjávarafurðum og yfir höfuð þær atvinnugreinar, er standa í sambandi við fiskiveiðaútgæði. Dagsetning samþykta 23. júní 1927. Stofnendur: Magnús Blöndahl, kaupm., Lækjarg. 6, Júlíus Ólafsson, vjelstjóri. Öldugötu 32, Björn Ólafsson, kaupm., Njálsgötu 5, Ólafur Jónsson, smiður, Lindargötu 18, Guðlaug Sigurðardóttir, Lindargötu 25, og Sigurjón Ólafsson, skipstj., Lindargötu 25, öll í Reykjavík. Stjórnendur: Formaður Sigurjón Ólafsson, en meðstjórnendur: Júlíus Ólafsson, Magnús Blöndahl; varastjórnandi Björn Ólafsson. Framkvæmdarstjóri er Sigurjón Ólafsson, Lindarg. 25. Firmað rita: Einhverjir tveir í stjórninni, auk þess hefir framkvæmdarstjóri prókúruumboð. Sigurjón Ólafsson ritar firmanafnið þannig: pr. pr. H/F Sigurjón Ólafsson & Co. Sigurjón Ólafsson. — Aðrir rita firmað þannig: H/F Sigurjón Ólafsson & Co.: Sigurjón Ólafsson og Júlíus Ólafsson. H/F Sigurjón Ólafsson & Co.: Magnús Blöndahl, Júlíus Ólafsson. H/F Sigurjón Ólafsson & Co.: Magnús Blöndahl, Sigurjón Ólafsson. — Skifting hlutafjár: 7000 krónur, er skiftast í 7 hluti, hver að upphæð 1000 kr. Söfnun hlutafjár er lokið og hlutafjeð alt greitt. Hlutabréf hljóða á nafn. Sjerrjettindi: Hluthafar hafa forgangsrjett að aukningu hlutafjár. Lausnarskylda engin. — Atkvæðisrjettur: Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut. — Fundarboðun með ábyrgðarbrjefi eða símskeyti.

Hafnarfirði, 28. júní 1927.

Sigurjón Ólafsson. Magnús Blöndahl. Júlíus Ólafsson.

3. H.f. „Pröstur“. Heimili og varnarþing: Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu. Tilgangur fjelagsins: Að reka verslun með allskonar vörur og brauðgerðarstarfsemi. — Dagsetning samþykta fjelagsins 16. okt. 1927. — Stofnendur fjelagsins eru: Ólafur Ólafsson, Lindargötu 25, Brynjólfur Þorsteinsson, bankaritari, Lokastíg 13, Gunnar Sigurfinnsson, bifreiðarstjóri, Keflavík, Erlendur Jónsson, skipstjóri, Keflavík, Guðný Jónasdóttir, húsfrú, Keflavík. Stjórnendur og framkvæmdarstjóri: Stjórn fjelagsins skipa: Brynjólfur Þorsteinsson, bankaritari, Lokastíg 13, formaður, og Ólafur Ólafsson, kaupmaður, Lindargötu 25, Erlendur Jónsson, skipstjóri, Keflavík, meðstjórnendur. — Framkvæmdarstjóri: Eyjólfur Ásberg, Keflavík. — Hverjir rita firmað: Stjórn fjelagsins og prókúruhafinn, Eyjólfur Ásberg, Keflavík. Upphæðir hlutafjár og greining í hluti: Kr. 5000,00 — fimm þúsund krónur —, er greinast í 10 hluti, hver að upphæð kr. 500,00 — fimm hundruð krónur. — Hlutafjársöfnun er að fullu lokið. — Hlutabréf hljóða á nafn. — Sjerrjettindi eru engin og engin lausnarskylda. — Stjórn fjelagsins þarf að samþykkja sölu

- 105 hlutabryjfa svo framsal sje gilt, og hefir hlutafjelagið forkaups-
rjett að 10% hlutafjárupphæðar. — 1 atkvæði fylgir hverjum 500
króna hlut. Enginn hluthafi má fara með meira en 4 atkvæði. —
Fundi og tilkynningar skal boða í ábyrgðarbrjefi til hluthafa. —
Undirskriftum skal haga þannig:

H.f. „Pröstur“

Brynjólfur Þorsteinsson. Ólafur Ólafsson.

H.f. „Pröstur“

Ólafur Ólafsson. Erlendur Jónsson.

H.f. „Pröstur“

Brynjólfur Þorsteinsson. Erlendur Jónsson.

H.f. „Pröstur“

Brynjólfur Þorsteinsson. Ólafur Ólafsson. Erlendur Jónsson.

pr. pr. „Pröstur“

E. Ó. Ásberg.

106

AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík
um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1927.

Skrás. 1927, nr. 1.

Tilkynt 12. janúar 1927, kl. 6. síðd. af The Coca-Cola Company
verksmiðjurekstur, Atlanta í Georgia, Bandaríkjunum N.-Ameríku, og skrá-
sett 18. s. m.



Orðin COCA-COLA með bandi á milli. Er C-ið í fyrra orðinu fram-
lengt og myndar strik fyrir neðan orðið, en C-ið í seinna orðinu strik
fyrir ofan orðið.

Samkv. tilkynningu 22. apríl 1905, er merkið skrásett í Washington
31. október s. á. fyrir styrkjandi drykki og fyrir síróp til framleiðslu á
slíkum drykkjum, og er sú skrásetning síðar endurnýjuð 16. júní 1925.
— Orðin „Coca-Cola“ ber að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir
ofangreindar vörutegundir.